

# Reglur um BA ritgerðir í félagsráðgjöf

Samþykktar á deildarfundi 7. febrúar 2023

## 1. gr.

Stúdent skal sækja um efni og leiðbeinanda til að skrifa BA ritgerð fyrir 15. nóvember ætli hann að vinna ritgerðina á vor eða haustmisseri næsta ár. Lokaskiladagar BA ritgerða eru þrír; 15. apríl, 15. ágúst og 10. janúar. Lendi lokaskil nemanda á helgi skal skila ritgerð fyrsta virka dag eftir helgi. Félagsráðgjafardeild tekur umsóknina til umfjöllunar og deildarforseti skipar leiðbeinanda með ritgerðinni.

Stúdent þarf að hafa lokið að lágmarki 120 ECTS námseiningum í BA námi sínu áður hann hefur vinnu við ritun BA ritgerðar. Stúdent verður að hafa lokið eftirfarandi námskeiðum:

- a. Fræðileg vinnubrögð í háskólanámi
- b. Aðferðafræði: Rannsóknaraðferðir félagsvísinda
- c. Tölfræði 1: Inngangur

Æskilegt er að hafa einnig lokið námskeiðinu: Inngangur að eigindlegum rannsóknaraðferðum.

Stúdent sækir um efni og leiðbeinanda á þar til gerðu eyðublaði á innri vef Félagsráðgjafardeildar. Nemendur sem ekki skila BA ritgerð á því misseri sem sótt var um þurfa að endurnýja umsókn sína um efni og leiðbeinanda til deildarinnar.

## 2. gr.

Markmið með BA ritgerð er að gefa nemanda tækifæri til að sýna fram á hæfni til sjálfstæðra vinnubragða. Efni ritgerðar skal vera skýrt afmarkað og markmið hennar þurfa að vera raunhæf. Mikilvægt er að BA ritgerð feli í sér nýsköpun þekkingar á sviði félagsráðgjafar. Ritun BA ritgerðar skal stuðla að þjálfun í að beita gagnrýnni hugsun, að móta rannsóknarspurningu/spurningar, að velja viðeigandi rannsóknaraðferð/aðferðir, gagna- og/eða heimildaöflun, greiningu á kenningum og fræðilegri þekkingu. BA ritgerð á að vinna í samræmi við viðtekin viðmið um frágang, uppbyggingu fræðilegra ritsmíða og leiðbeiningar deildar um vinnulag. Stúdent getur náð þessum markmiðum m.a. með eftirtöldum hætti:

- a. Með því að vinna með fyrirbyggjandi gögn og heimildir. Stúdent vinnur fræðilegt yfirlit þar sem fram koma niðurstöður rannsókna á ákveðnu þekkingarsviði og gerir þeim skil á gagnrýnn hátt.
- b. Stúdent aflar gagna eða vinnur úr fyrirbyggjandi gögnum. Ekki er heimilt að fjalla um efni í BA ritgerð sem krefst leyfis Vísindasiðanefndar eða Persónuverndar nema deild veiti sérstakt leyfi til þess. Mælt er með því að nemendur sem vinna að sjálfstæðu rannsóknarverkefni hafi tekið a.m.k. eitt námskeið í þeim rannsóknaraðferðum sem þeir hyggjast nota.

- c. Stúdent velur sér þema eða verkefni sem kennarar við félagsráðgjafardeild tilgreina sem áherslu- og rannsóknarsvið sitt.

Stúdent skal móta efnistöð í samráði við leiðbeinanda og senda honum verk- og tímaáætlun.

### **3. gr.**

BA ritgerð skal að jafnaði vera 10.000 orð og ekki lengri en 15.000 orð að frátalinni forsíðu, efnisyfirliti og, eftir atvikum, viðauka.

Meginreglan er að ritgerð er einstaklingsverkefni, en leiðbeinanda er heimilt að veita tveimur nemendum heimild til að vinna saman að verkefninu. Miða skal við að ritgerð tveggja stúdenta sé 15.000 til 20.000 orð. Í slíku tilviki verður að vera nægilega ljóst hvert vinnuframlag hvors um sig er og að báðir fullnægi settum námskröfum sbr. 5. mgr. 6. gr. Sjá 2. mgr. 6. gr um einkunnagjöf ritgerða þar sem tveir stúdentar vinna saman.

### **4. gr.**

Vinna við BA ritgerð skal byggð á sjálfstæðri vinnu stúdents undir handleiðslu leiðbeinanda hans.

Umsjón með BA ritgerð skal vera í höndum fastráðins kennara deildarinnar. Heimilt er að skipa meðleiðbeinanda utan deildar. Í umsjón felst að bera faglega ábyrgð á leiðsögn fyrir hönd deildar og ef um meðleiðbeinanda utan deildar er að ræða skipuleggur leiðbeinandi verkaskiptingu vegna leiðbeiningar í samstarfi við hann.

Leiðbeining felst í því að stúdent er leiðbeint á fundi í byrjun annar, þar sem hann leggur fram tillögu að verk- og tímaáætlun ritgerðar, og að jafnaði tveimur fundum til viðbótar á því misseri. Í framangreindri leiðbeiningu skal felast yfirllestur á lokadrögum sem skal skilað í síðasta lagi þremur vikum fyrir skiladag ritgerðar. Sé þeim skilað seinna á stúdent ekki rétt á yfirllestri ritgerðar nema leiðbeinandi heimili það sérstaklega. Ef leiðbeinandi hefur ekki lesið lokadrög skal ekki veita ritgerð viðtöku nema að deildarforseti heimili það. Stúdent ber ábyrgð á að upplýsa leiðbeinanda um framvindu verkefnisins og skyldu til að tilkynna um frávik frá tímaáætlun.

### **5. gr.**

BA ritgerð skal skilað skv. hönnunarstaðli Háskóla Íslands, á námskeiðsvef BA ritgerða á Canvas, í samræmi við leiðbeiningar. Stúdent skal skila rafrænu eintaki af Turnitin skýrslu til leiðbeinanda. Stúdent skal skila rafrænu eintaki af ritgerðinni inn á Skemmuna, rafrænt gagnasafn námsritgerða Landsbókasafnsins. Nánari leiðbeiningar um skilin eru útfærð á gátlista á námskeiðsvef. Skylt er að geta leiðbeinanda ritgerðar.

#### **6. gr.**

Við einkunnagjöf BA ritgerða er skipaður prófdómari sem starfar í samræmi við 59. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands, nr. 569/2009.

Leiðbeinanda er heimilt að óska eftir að munnlegt próf fari fram úr efni BA ritgerðar ef nemendur skrifa sameiginlega ritgerð til að sannreyna framlag þeirra til ritgerðarinnar. Heimilt er að taka tilliti til framistöðu á slíku prófi við einkunnagjöf.

#### **7. gr.**

Komi til birtingar á efni BA ritgerðar ber stúdent skylda til að vera í samstarfi við leiðbeinanda og skal hann vera meðhöfundur, nema að hann biðjist undan því. Ef um leiðbeinanda af vettvangi er að ræða gildir sama regla um hann.